

Hafnarfjörður 6. apríl 2021

Kæri nemandi og foreldrar/forráðamenn

Stutt vika framundan – **100% staðkennsla**

Í ljósi nýrrar reglugerðar um sóttvarnir tilkynni ég hér með að allt skólahald, sem hefst á morgun, miðvikudaginn 7. apríl samkvæmt stundatöflu, verður í **staðnámi**.

Okkur ber að vera áfram með **grímur**, hvort sem er í kennslustofum eða á göngum skólans. **Mötuneytið** verður áfram opið en nú fækkum við aftur sætum því samkvæmt reglugerðinni mega **aldrei vera fleiri en 30 í rými**. Það er því gott að huga að **góðu nesti fyrir skóladaginn** og þá vil ég nota tækifærið til að minna enn og aftur á góða umgengni í stofum og á göngum skólans.

Það er stutt eftir af önninni og því mikilvægt að við höldum áfram að fylgja vel öllum **reglum um sóttvarnir**; bera grímuna allstaðar í skólahúsnaðinu, þvo hendur vel og spritta. Líka helstu snertifleti í kennslustofum og passa vel upp á tveggja metra regluna.

**Próftaflan** verður svo birt á INNU á allra næstu dögum en fyrsti prófdagur er fimmtudagurinn 6. maí.

Gangi ykkur vel og ég hlakka til að sjá ykkur á morgun!

---

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari